

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 188,5 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 187, 25. maí 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.

REGLUGERÐ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

I. KAFLI.

Rekstrarform.

1. gr.

Akraneskaupstaður, Borgarnesbær, Andakílhreppur og Bændaskólinn á Hvanneyri eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi 23. mars 1979. Samningurinn var endurskoðaður 1. febrúar 1991. Þar er kveðið á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er á Akranesi.

Stjórn hitaveitunnar ræður framkvæmdastjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar, nema annað sé tekið fram.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu í sveitarfélögum eignaraðila og öðrum sveitarfélögum eftir því sem um semst.

Hitaveitan getur gert samkomulag við aðra um rekstur hitaveitu. Verða þeir þá að hlíta ákvæðum reglugerðar þessarar sbr. 2.gr.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt, bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi og annast sölu á heitú vatni eða varma til notenda.

Hitaveitan skal einnig reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg eru.

II. KAFLI.

Almenn ákvæði.

5. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Kaupandi heits vatns eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu þess nefnist notandi.

6. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum sé þess óskað.

7. gr.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

8. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur, ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir að nýta afrennslisvatnið skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40 C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslíð, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

III. KAFLI.

Veitukerfið.

9. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Óski húseigandi eftir því skal hann greiða þann aukakostnað sem af því hlýst.

10. gr.

Húseiganda innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem veitukerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss, eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur hitaveitan ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.

11. gr.

Við lagningu og viðhald veitukerfisins skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

12. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tenginga við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um.

Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lög्न að mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega við göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyrir lýsingu við mælagrind.

IV. KAFLI.

Húsveitur og tenging þeirra.

14. gr.

Um lög्न nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áður en hafist er handa um lög्न nýrra hitunarkerfa skal sækja um orkukaupin til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti viðkomandi sveitarfélags.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði hitaveitunnar (mælagrind) með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til hitaveitunnar tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingarfulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar (starfsmenn) mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús, nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, þá getur hitaveitan samþykkt að hann missi tímabundið rétt til að annast tengingu og ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekuð brot má svipta hann þessum rétti varanlega.

15. gr.

Hitaveitan skal hafa aðgang að pípulög्नnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur.

Ekki má tengja dælur eða annan búnað við húskefni, sem truflað geta aðra notendur eða rekstur hitaveitunnar.

16. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar í heimildarleysi getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

17. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

Nú verða tæki eða búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum og er þá heimilt að skylda húseiganda/notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

V. KAFLI.

Skilmálar fyrir orkusölu.

18. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

Húseigandi ber ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir orkunotkun sem til fellur eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina.

19. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn samkvæmt magnmælingu um rennismæla.

Hitaveitan leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celcius, sem reiknað hitastig við húsvegg vîkur frá 80°C breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útreikningana er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka skal greiða sérstakt gjald.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

20. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða mælaprófunargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda þó rennslismælir hafi ekki talið rétt.

21. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heitavatnsnotkunina samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hversrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um heitavatnsnotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða ef vatnsmælir bilar reiknar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Notandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestragjalds krafist aukaálestra og uppgjörs. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

22. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) notanda sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Beri notandi ábyrgð á orku kaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist notanda með sjö daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Notanda ber að greiða fastagjöld samkvæmt gjaldskrá þó lokað hafi verið fyrir heita vatnið.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu lokunargjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en orkuafhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar vatnsafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notanda um lokunargjald vegna undirbúnings að stöðvun.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega.

23. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Purfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

24. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

25. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má innheimta með lögtaki.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

27. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 580/1980 um Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Iðnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Rán Tryggvadóttir.